

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar – ágúst 2006

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs eftir fyrstu átta mánuði ársins liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu jókst handbært fé frá rekstri um 35,6 milljarða króna innan ársins, sem er 19,3 milljörðum hagstæðari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Tekjur reyndust um 27 milljörðum hærrí en í fyrra á meðan gjöldin hækkuðu um 6 milljarða. Hreinn lánsfjárfjöfnuður er jákvæður um 33,2 milljarða króna, en hann var jákvæður um 27,6 milljarða á sama tíma í fyrra.

Sjódstreymi ríkissjóðs janúar – ágúst 2002 til 2006 (Í milljónum króna)

	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>	<u>2006</u>
Innheimtar tekjur	152.633	170.668	181.033	219.294	246.109
Greidd gjöld	165.773	176.919	189.354	203.787	209.728
Teikjujöfnuður	-13.140	-6.251	-8.322	15.507	36.381
Söluhagn. af hlutabr. og eignahlutum	-3.175	-12.059	-	-	-
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-1.120	-790	1.560	791	-823
Handbært fé frá rekstri	-17.435	-19.100	-6.761	16.298	35.558
Fjármunahreyfingar	8.214	17.773	7.829	11.260	-2.339
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-9.221	-1.327	1.068	27.558	33.219
Afborganir lána	-22.123	-18.437	-29.593	-33.363	-32.592
Innanlands	-10.067	-6.028	-4.576	-14.015	-9.719
Erlendis	-12.056	-12.409	-25.017	-19.348	-22.873
Greiðslur til LSR og LH	-6.000	-5.000	-5.000	-2.600	-2.640
Lánsfjárfjöfnuður, brúttó	-37.344	-24.764	-33.525	-8.406	-2.013
Lántökur	32.171	21.828	40.177	15.832	25.247
Innanlands	9.288	20.095	16.928	11.555	17.673
Erlendis	22.884	1.733	23.249	4.277	7.574
Greiðsluafkoma ríkissjóðs	-5.172	-2.936	6.652	7.426	23.234

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 246 ma.kr. á fyrstu átta mánuðum ársins. Það er 27 ma.kr. eða 12,2% meira en á sama tíma í fyrra. Ef tekið er tillit til tilfærslu milli mánaða vegna tekjuskatts lögaðila nemur aukningin 10,7%. Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um rúm 13% að nafnvirði. Á sama tíma hækkaði almennt verðlag um 6,4% og raunaukning skatttekna og tryggingargjalda var því 6½%. Aðrar tekjur minnkuðu um 21%, en það stafaði af því að arðgreiðslur frá Símanum voru ekki fyrir hendi í ár, þar eð hann er nú í einkaeigu, en í fyrra námu arðgreiðslur hans 6,3 ma. kr. meðan hann var einn í ríkiseigu.

Skattar á tekjur og hagnað námu 79 ma.kr. og jukust um 18 ma.kr. frá síðasta ári, eða 30%. Þar af jókst tekjuskattur einstaklinga um 12% og lögaðila um 70% (þá er leiðrétt fyrir fyrrgreindri tilfærslu) og fjármagnstekjuskattur um 45%. Innheimt tryggingagjöld jukust um 15% milli ára, eða 6% umfram hækkuð launavísitölu á sama tíma. Innheimta eignarskatta nam 6,4 ma.kr. sem er þriðjungur minna en á sama tímabili í fyrra. Þar af námu stimpilgjöld 5 ma.kr. en innheimta þeirra á árinu hefur dregist saman um 20% frá fyrra ári, meðal annars vegna þess að dregið hefur úr skuldbreytingu lána.

Innheimta almennra veltuskatta nam 117 ma.kr. á fyrstu átta mánuðum ársins og jókst um 10½% að nafnvirði frá fyrra ári eða 4% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Tekjur af virðisaukaskatti hafa aukist um 11% sem jafngildir tæplega 5% raunaukningu. Vegna lagabreytingar sem felur í sér rýmri greiðslufrest á virðisaukaskatti og aðflutningsgjöldum fer marktækni samanburðar við fyrra ár eftir því hvaða tímabil innan ársins er til skoðunar en sé litið á hreyfanlegt meðaltal nokkurra mánuða kemur fram að verulega hefur hægt á raunvexti tekna af sköttum sem lagðir eru á vöru og þjónustu. Aðrir skattar en virðisaukaskattur nema um þriðjungi af veltusköttum í heild og sé horft á þróun þess hluta veltuskattanna kemur einnig fram hjöðnun raunvaxtar á þessu ári sem hefur snúist í samdrátt um þessar mundir. Stærsti einstaki liður þessara skatta eru vörugjöld af ökutækjum. Eftir mjög mikla aukningu þeirra á sl. ári hefur innheimta þeirra það sem af er þessu ári aðeins aukist um 3% umfram almennt verðlag.

Tekjur ríkissjóðs janúar–ágúst 2004 til 2006

	Í milljónum króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2004	2005	2006	2004	2005	2006
Skatttekjur og tryggingagjöld	169.327	200.652	230.505	15,2	18,5	14,9
Skattar á tekjur og hagnað	52.640	60.880	78.979	20,4	15,7	29,7
Tekjuskattur einstaklinga	39.040	43.108	48.151	12,6	10,4	11,7
Tekjuskattur lögaðila	6.619	7.340	15.746	127,4	10,9	114,5
Skattur á fjármagnstekjur	6.981	10.432	15.082	13,7	49,4	44,6
Eignarskattar	6.344	9.537	6.358	16,9	50,3	-33,3
Skattar á vöru og þjónustu	89.220	105.844	116.941	13,1	18,6	10,5
Virðisaukaskattur	59.885	72.534	80.676	13,5	21,1	11,2
Vörugjöld af ökutækjum	4.111	7.053	7.590	36,3	71,6	7,6
Vörugjöld af bensíni	5.679	5.872	5.968	19,8	3,4	1,6
Skattar á olíu	4.266	3.755	4.339	18,6	-12,0	15,5
Áfengisgjald og tóbaksgjald	6.844	7.189	7.500	1,8	5,0	4,3
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	8.435	9.441	10.869	4,9	11,9	15,1
Tollar og aðflutningsgjöld	1.927	2.105	2.546	15,1	9,2	21,0
Aðrir skattar	1.140	1.236	1.368	.	8,5	10,7
Tryggingagjöld	18.056	21.050	24.311	9,3	16,6	15,5
Fjárframlög	216	270	736	-64,5	25,1	172,7
Aðrar tekjur	11.461	18.094	14.350	5,8	57,9	-20,7
Sala eigna	29	277	518	-	-	-
Tekjur alls	181.033	219.293	246.109	6,1	21,1	12,2

Greidd gjöld nema 209,7 milljörðum króna og hækka um 5,9 milljarða milli ára, eða um 2,9%. Vaxtagreiðslur lækka hins vegar um 8,1 milljarð, einkum vegna þess að stór flokkur spariskírteina var á innlausn í apríl í fyrra. Að vaxtagreiðslum undanskildum hækka gjöldin um 14 milljarða eða 7,5%. Mest munar um 4 milljarða hækkun til heilbrigðismála og 2,9 milljarða til menntamála. Þá hækka greiðslur til almannatrygginga- og velferðarmála um 2,5 milljarða og til almennrar opinberrar þjónustu um 1,9 milljarða. Greiðslur til löggæslu hækka um 1 milljarð, en greiðslur til atvinnumála hækka mun minna, eða um 0,5 milljarða milli ára. Heilbrigðismál og almannatryggingar vege samtals um helming af heildargreiðslum ríkissjóðs.

Gjöld ríkissjóðs janúar-ágúst 2004 til 2006

	Í milljónum króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2004	2005	2006	2005	2006
Almenn opinber þjónusta	32.083	39.170	33.012	22,1	-15,7
Þar af vaxtagreiðslur	10.282	15.796	7.696	53,6	-51,3
Heilbrigðismál	48.440	52.245	56.223	7,9	7,6
Almannatryggingar og velferðarmál	46.480	48.091	50.596	3,5	5,2
Efnahags- og atvinnumál	27.836	26.728	27.226	-4,0	1,9
Menntamál	17.850	20.525	23.471	15,0	14,4
Menningar-, íþrótt- og trúmál	8.621	8.379	9.327	-2,8	11,3
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	5.681	6.075	7.115	6,9	17,1
Umhverfisvernd	2.205	2.274	2.466	3,1	8,5
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	159	300	292	88,5	-2,6
Gjöld alls	189.354	203.787	209.728	7,6	2,9

Lántökur ársins nema 25,2 milljörðum króna en afborganir lána 35,6 milljörðum. Mismunurinn er fjármagnaður með handbæru fé frá rekstri.

Eiginfjárframlag ríkisins í Nýsköpunarsjóð nam um 1 milljarð króna á árinu og 2,6 milljarðar voru greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs.